

## Að taka afstöðu í kynferðisbrotamálum gegn börnum

26. janúar 2015

Nú undanfarið hefur verið í umræðunni kynferðisbrotamál sem upp kom í Grímsey. Ég ætla ekki að tala um það mál sérstaklega en það er hins vegar kveikjan að því að ég valdi þetta umræðuefni á þessum tímapunkti. Það er því miður allt of algengt að börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi eiga erfitt með að segja frá, líka á fullorðinsaldri, af ótta við það að verða ekki trúað, og jafnvel að verða útskúfað fyrir það eitt að segja frá.

Það er mjög eðlilegt að þegar upp kemst um kynferðisofbeldi gegn börnum, að fólki verði brugðið og eigi erfitt með að sætta sig við það sem gerst hefur. Það er líka eðlilegt að upp í hugann komi alls kyns spurningar um það sem gerst hefur og hvað sé hægt að gera í þeim aðstæðum sem þá eru komnar upp.

Margir spyrja sig spurninga um hvort þetta geti verið satt, af hverju þeir hafi ekki séð hvað var að gerast og hvernig í ósköpunum einhver gat brotið svona gegn trausti barns. Í flestum tilfellum er gerandinn tengdur barninu á einhvern hátt, annað hvort beinum fjölskyldutengslum, vinatengslum eða er tengdur fjölskyldunni á einhvern hátt, t.d. þjálfari, kennari, fjölskylduvinnur, ættingi eða einhver annar aðili sem barnið treystir – og sem foreldrarnir treysta fyrir barninu. Þá er gerandi stundum foreldri eða aðili í hlutverki foreldris, t.d. stjúpfareldri.

Þessar aðstæður – tengsl aðstandenda við bæði geranda og þolanda – gera það að verkum að margir þurfa að taka afstöðu þannig að þeir standa annað hvort með þolanda eða geranda. Sumir ákveða líka að „taka ekki afstöðu“ – þó ég átti mig nú ekki alveg á því hvað það þýðir. Það hlýtur að hljóma svolítið undarlega að segja við þolanda að þú ætlir ekki að taka afstöðu. Hvað þýðir það? Þýðir það að þú trúir þolanda eða þú trúir honum ekki? Þýðir það að þú ætlir að styðja þolanda eða ekki? Hvernig ætlaðru að standa með bæði þolanda og geranda? Það vaknar ýmsar spurningar þegar fólk tekur ekki afstöðu – og það getur aldrei verið túlkað sem stuðningur við þolanda. Kannski má líka segja að það sé ákveðin afstaða að taka ekki afstöðu – afstaða sem oftast leiðir til þess að þolandinn er særður. Það er hins vegar líka skiljanlegt að stundum geti það tekið svolítt tíma fyrir aðstandendur að átta sig á því hvað hefur gerst og hversu alvarlegt það í rauninni er að barn hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Það er skiljanlegt vegna þess að þá þarftu um leið að horfast í augu við það að einhver, sem þú jafnvel treystir fyrir barninu, hafi brotið með svo skelfilegum hætti gegn því. Og við það vakna þá líka oft ýmsar spurningar um þig sjálfa/n. Af hverju sá ég þetta ekki? Hvernig gat ég treyst svona röngum aðila? Þetta eru allt erfiðar spurningar sem enn erfiðara er að fá svör við – því oft eru ekki til

svör, og alls ekki svör sem við getum verið sátt við. Það sem hins vegar er enn alvarlegra, er þegar fólk tekur afstöðu með gerandanum og gegn þolandanum.

Þegar ég segi að fólk taki afstöðu með gerandanum, þá á ég við þegar fólk trúir ekki þolandanum, sýnir stuðning við gerandann og jafnvel reynir að fá annað fólk til að trú á ekki þolandanum. Við höfum því miður allt of mörg dæmi um það þegar fjölskyldur, og jafnvel heil bæjarfélög eða samfélög, taka afstöðu með gerandanum og það með afgerandi hætti. Allt of oft hef ég, í mínu starfi með þolendum, horft uppá að þolendur séu útskúfaðir úr fjölskyldum og vinahópum. Eins og ég hef þegar sagt, þá er vel skiljanlegt að það sé erfitt að horfast í augu við það sem upp hefur komið og það getur stundum tekið tíma að „sættast við“ að þetta hafi gerst.

Þegar fólk, jafnvel mörgum árum eftir atburðina, hefur kjark til að segja frá ofbeldinu er mjög mikilvægt að aðstandendur sýni stuðning og trú því sem þolendur segja. Af hverju er það mikilvægt? Af því að þolandi hefur verið beittur alvarlegu ofbeldi, sem hann hefur jafnvel kennt sér um, og það krefst gríðarlegs hugrekkis og kjarks að segja frá því sem hefur gerst. Af því að þegar þú sem aðstandandi tekur afstöðu með ofbeldismanneskju ertu í raun að viðhalda því ástandi sem ofbeldið hefur skapað.

Eitt af því sem þolendur fá stundum að heyra þegar þeir segja frá, stundum löngu seinna, er hvers vegna þeir séu að tala um þetta núna – þetta sé búið og gert og að þeir séu að sundra fjölskyldum, eyðileggja líf ofbeldismanneskjunnar (og allrar fjölskyldunnar) og setja allt á annan endann, fyrir eitthvað sem er löngu liðið. Og þetta heyrir því miður ennþá þó nú sé komið árið 2015 og við höfum fengið heilmikla fræðslu um kynferðisofbeldi, eðli þess og afleiðingar. Þetta er í sjálfu sér mjög alvarlegt því að með þessum athugasemdum er verið að setja ábyrgðina á þolandann – sem jafnvel hefur sjálfur borið þessa ábyrgð árum saman án þess að hún sé hans að bera. Í stað þess að spyrja þolandann þessara spurninga ætti fólk frekar að spyrja gerandann. Hvernig gastu beitt þetta barn ofbeldi? Hvernig gastu brotið traust okkar allra og sundrað fjölskyldunni með ofbeldi þínu? Hvernig geturðu staðið hér og neitað fyrir það sem þú hefur gert? Af hverju tekurðu ekki ábyrgð á því sem þú hefur gert? Því miður er líklegt að það verði lítið um svör. En það afsakar ekki það að beina spurningunum í staðinn að þolandanum – því hann ber enga og aldrei ábyrgð á því að hafa verið beittur kynferðisofbeldi sem barn.

Aðstandendur bera enga og aldrei ábyrgð á ofbeldinu sem beitt var – þeir bera hins vegar ábyrgð á viðbrögðum sínum þegar þolandi segir frá því. Sú ábyrgð er mikil og mikilvægt að gera sér grein fyrir því að viðbrögð okkar skipta miklu máli fyrir þann sem loksins hefur þorað að stíga fram og segja frá því ofbeldi sem beitt hefur verið. Og ekki gleyma því að þolandi sem stígur fram og segir sögu sína, hefur með því jafnvel bjargað öðrum börnum frá því að lenda í klónum

á þeirri ofbeldismanneskju sem hann segir frá. Það hlýtur því að vera ábyrgð okkar sem hlustum að huga vel að viðbrögðum okkar, leggja okkur fram um að styðja þann sem beittur hefur verið ofbeldi og einnig að vernda í framhaldinu önnur börn með því að taka afstöðu með þolendum en ekki gerendum í svona málum! Ekki taka við af ofbeldismanneskjunni og senda þolandanum þau skilaboð að hann segi ósátt, hann beri ábyrgð og að hann geri best með því að halda þessu fyrir sig – því það er okkar ábyrgð sem samfélags að taka alltaf afstöðu gegn ofbeldi sem börn eru beitt!

Höfundur: Ingibjörg Þórðardóttir, félagsráðgjafi.